

31. október 2017

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á þriðja ársfjórðungi 2017:

Reglugerðarbreyting í reiki hefur áhrif á afkomu fjórðungsins

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir þriðja ársfjórðung 2017 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 31. október 2017.

- Tekjur námu 3.437 m.kr. og standa í stað samanborið við þriðja ársfjórðung 2016
- Framlegð 1.550 m.kr., lækkun um 6% miðað við sama tímabil 2016
- EBITDA hagnaður nam 853 m.kr., lækkar um 8% milli ára
- EBITDA hlutfall 24,8% og EBIT hlutfall 13,3% á fjórðungnum
- Hagnaður tímabilsins nam 290 m.kr.
- Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins nam 50,4%

Lykiltöluyfirlit:

	3F 2017	3F 2016	Breyt.	% breyt.	9M 2017	9M 2016	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.437	3.443	-6	0%	9.964	10.205	-241	-2%
Kostnaðarverð	1.887	1.786	101	6%	5.458	5.402	56	1%
Framlegð	1.550	1.657	-107	-6%	4.506	4.803	-297	-6%
Rekstrarkostnaður	1.092	1.080	12	1%	3.329	3.498	-169	-5%
EBITDA	853	927	-74	-8%	2.334	2.346	-12	-1%
EBIT	458	577	-119	-21%	1.177	1.305	-128	-10%
Hrein fjármagnsgjöld	96	90	6	7%	265	262	3	1%
Hagnaður tímabilsins	290	391	-101	-26%	730	837	-107	-13%
<hr/>								
Framlegð (%)	45,1%	48,1%			45,2%	47,1%		
EBITDA %	24,8%	26,9%			23,4%	23,0%		
EBIT %	13,3%	16,8%			11,8%	12,8%		


Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Rekstur þriðja fjórðungs einkenndist af áhrifum af reglugerðarbreytingu í reiki, Roam like home, sem hafði umtalsvert neikvæð áhrif á farsímatekjur félagsins borið saman við sama tímabil 2016. Áhrif reglugerðarbreytingarinnar skýrir þannig alla lækkun EBITDA á tímabilinu og rúmlega það miðað við sama tímabil 2016. Áhrif breytingarinnar gæta mest á þriðja fjórðungi sem hefur verið lang stærsti reikifjórðungur vegna ferðalaga viðskiptavina og munu áhrifin vera hlutfallslega minni á öðrum fjórðungum auk þess sem

mótvægisáðgerðir munu hafa áhrif til dæmis á næsta fjórðungi og á árinu 2018. Ágætis gangur var í sjónvarpstekjum félagsins á fjórðungnum með áframhaldandi vexti á milli ára og hefur vöxtur í sjónvarpstekjum verið viðvarandi á milli fjórðunga síðustu árin. Rekstrarkostnaður á þriðja fjórðungi stendur nánast í stað þrátt fyrir kjarasamningsbundnar hækkanir á launum og launatengdum gjöldum. Dregið hefur úr lækkun í launa- og starfsmannakostnaði samanborið við þriðja fjórðung 2016 þar sem ráðist var í hagræðingaaðgerðir á fyrri helmingi árs 2016, húsnæðiskostnaður er aftur á móti að skila nokkurri lækkun á milli tímabila.

Það var stór áfangi á fjórðungnum þegar sátt náðist við Samkeppniseftirlitið um kaup á fjölmiðla- og fjarskiptahluta 365 að undanskildu Fréttablaðinu og Glamour með skilyrðum. Í sáttinni felst að Samkeppniseftirlitið hefur heimilað kaup Fjarskipta hf. á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. gegn skilyrðum, meðal annars að ráðast í aðgerðir til þess að tryggja samkeppni á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Nú er mikil vinna í gangi við að leggja lokahönd á samrunann og fara í gegnum hefðbundna fyrirvara í kaupsamningi. Markmiðið er að afhending geti farið fram þann 1. desember 2017. Félagið stendur við fyrri áætlanir sem kynntar hafa verið í tengslum við samrunann um 1.750 m.kr. aukinn EBITDA-hagnað sem bætist við rekstur Vodafone á 12-18 mánuðum. Full áhrif samrunans taka því að gæta árið 2019 eða 2020, eftir því hversu hratt gengur að ná fullri samlegð. Við teljum raunhæft að sameinað félag verði með yfir 5 ma.kr. EBITDA hagnað þegar samlegð er að fullu komin fram.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2013 :



Rekstrarafkoma á 3. ársfjórðungi 2017:

Tekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi 2017 námu 3.437 m.kr. og stóðu í stað miðað við sama tímabil 2016. Tekjur af interneti námu 1.032 m.kr. á fjórðungnum og jukust um 17% á milli ára, einkum í tengslum við yfirtöku félagsins á rúkkun aðgangsgjalda GR fyrir sína viðskiptavini. Tekjur af sjónvarpi jukust einnig á þriðja ársfjórðungi, um 32 m.kr. og námu 531 m.kr. á tímabilinu, sem er 6% aukning á milli ára. Tekjur samstæðunnar af farsíma námu 1.092 m.kr. og lækkuðu um 137 m kr. eða 11% í samanburði við sama tímabil í fyrra. Áhrif af reglugerðarbreytingu í reiki, Roam like home, skýrir nánast að öllu leyti fráviknið á milli ára. Vörusala á þriðja ársfjórðungi nam 307 m.kr. sem er 32 m.kr. lægra en á sama tímabili 2016 sem tengist lægri heildsölu vegna breytinga á samningum við Apple, smásala er hinsvegar að vaxa á milli fjórðunga. Aðrar tekjur námu 173 m.kr. á ársfjórðungnum og drógust saman um 7% á milli ára.

Framlegð á þriðja ársfjórðungi nam 1.550 m.kr., sem er lækkun um 107 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2016. Rekstrarkostnaður nam 1.092 m.kr. á ársfjórðungnum og hækkaði um 12 m.kr. eða 1% á milli ára.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 853 m.kr. og dróst saman um 8% frá sama fjórðungi 2016. EBITDA hlutfall tímabilsins var 24,8%.


Hrein fjármagnsgjöld námu 96 m.kr, sem er hækkun um 7% á milli ára. Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 362 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2017, reiknaður tekjuskattur á ársfjórðungnum var 72 m.kr. og hagnaður fjórðungsins nam 290 m.kr.

Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2017:

Handbært fé frá rekstri á þriðja fjórðungi ársins 2017 nam 858 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 368 m.kr. á tímabilinu sem er lækkun um 25% miðað við sama tímabil 2016.

Fjármögnunarahreyfingar félagsins námu 430 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2017, afborganir af langtímalánum námu 95 m.kr. og niðurgreiðsla á skammtímalánalínu 335 m.kr. Handbært fé í lok annars ársfjórðungs nam 385 m.kr.

**Sjóðstreymi á 3F –
Breytingar á tímabilinu**



Efnahagur 30. september 2017:

Eigið fé í lok tímabilsins var 7.737 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 50,4%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 7.605 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.013 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,7. Veltufjárhlutfall var jafnframt 1,5.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Vodafone vinnur stöðugt að því að efla kerfin sín; auka bæði hraða og dreifingu. Nú er 4G+ væðing félagsins hafin og munum við þannig stórefla farsímakerfið með tilliti til hraða á næstu 5 mánuðum. Vodafone hefur firnasterka útbreiðslu með 4G kerfi sem nær nú yfir 168 þúsund ferkílómetra á landi og sjó sem við teljum mestu útbreiðslu fjarskiptafyrirtækis á Íslandi. Vodafone hefur lagt mikla áherslu á gæði tenginga á erlendri grundu og þar býr félagið að sterkum bakhjarli í Vodafone Group með öflugt dreifikerfi á heimsvísu en Vodafone tryggir hágæða 4G samband í um 50 löndum.
- Viðskiptavinum á Norðurlandi með ljósleiðara Tengis bauðst enn meiri hraði en áður eða 1000 Mb/s, en þetta á m.a. við Akureyri, Dalvík, Þingeyjarsveit, Grenivík og Eyjafjarðarsveit.
- Vodafone og Slysavarnafélagið Landsbjörg leiddu saman hesta sína í átaksverkefninu „Vertu snjall undir stýri“ sem er ætlað að breyta viðhorfi fólks til snjalltækjanotkunar og snúa við þeirri óheillapróun sem átt hefur sér stað vegna notkunar snjalltækja í umferðinni.
- Vodafone hlaut Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á Íslandi í byrjun september. Jafnlaunaúttektin staðfesti að munur á launum karla og kvenna hjá Vodafone er minni en 3,5% en í tífelli Vodafone var munurinn raunar vel undir því viðmiði.
- Vodafone hlaut einnig Hvatningarverðlaun jafnréttismála, en markmiðið með þeim er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem hafa sett jafnrétti á oddinn og jafnframt hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

Horfur fyrir afkomu á næstu misserum

Gert er ráð fyrir að yfirtaka á eignum og rekstri frá 365 muni eiga sér stað 1. desember 2017 sem mun hafa umtalsverð áhrif á horfur fyrirtækisins næstu árin. Stjórnendur gera ráð fyrir 1.750 m.kr. EBITDA samlegð sem mun taka um 12-18 mánuði að ná fram. Gert er ráð fyrir að EBITDA hagnaður verði meira en 5 ma.kr. og að fjárfestingarhlutfall lækki niður í um 8% í síðasta lagi árið 2020. Í nýjustu afkomukynningu félagsins má sjá myndrænar horfur fyrir 2017-2020 fyrir sameinað fyrirtæki miðað við fyrirliggjandi áætlanir.

Kynningarfundur 1. nóvember 2017:

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjörnsins verður haldinn miðvikudaginn 1. nóvember 2017. Fundurinn fer fram í nýjum höfuðstöðvum Vodafone, að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.
- Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.
- Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>



Fjárhagsdagatal 2017:

- ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2017 20. febrúar 2018

Frekari upplýsingar:

- ✓ Guðfinnur Sigurvinsson, verkefnastjóri samskiptamála Vodafone, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9330